

62. fundur skráningarráðs, haldinn fimmtudaginn 15. september 2011 í húsakynnum Landskerfis bókasafna, kl. 9 -11.

Fundarmenn: Gunnhildur Loftsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir, fundarritari, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður)

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis.

1. **Kosning formanns:** Þóra Sigurbjörnsdóttir var kosin formaður með öllum greiddum atkvæðum.
2. **Fundargerð 61. fundar.** Fundargerðin hafði áður verið lesin og samþykkt í tölvupósti.
3. **Fundartími í vetur.** Ákveðið var að hafa óbreyttan fundartíma.
4. **Erindisbréf skráningarráðs.** Ekki eru kerfisbundnar aðferðir til að fylgjast með skráningu efnis í Gegni, en listar yfir nýjar nafnmyndir og ný efnisorð eru keyrðir út vikulega. Ekki er fylgst nógu vel með nýjum skrásetjum og kannski leita þeir sjálfir ekki nóg eftir aðstoð. Ábyrgðarmannakerfið virkar ekki nógu vel og þyrfti ef til vill að kynna það betur. - Rósa sagði frá dæmi um skráningu í Rafhlöðuna, þar sem rit með íslenskt ISBN númer er lagt inn af útgefanda, en þetta sama ISBN númer finnst ekki í Gegni. Einnig finnst henni umhendist að þurfa að skrá sama efnið tvisvar, bæði í Rafhlöðuna og í Gegni. Þarna vantar tengingu á milli. Það þyrfti að gera nákvæma umfangslýsingu á Íslenskri bókaskrá. - Sigrún Marelsdóttir ræddi um forskráningu Lbs-Hbs á íslenskum bókum og taldi tímabært að leggja hana af; margt hefur breyst frá því að hún var tekin upp árið 2005, t.d. dreifist bókaútgáfan meira yfir allt árið nú en áður. Einnig geta upplýsingar í Bókatíðindum verið villandi og komið hefur fyrir að rit hafa ekki verið skráð á réttan höfund. Mælt er með að leggja forskráningu niður í ár og sjá svo til eftir því hvernig viðbrögð við því verða.
5. **Útgáfuskiptin.** Útgáfuskiptin hafa gengið vel fyrir sig og var látin í ljós ánægja með nýju færslusniðin. Gunnhildur benti á að í leit í starfsmannaaðgangi birtist deilisvið 2 í sviði 082, þ.e. bæði flokkstalan og hvaða útgáfu Deweys er flokkað eftir. (talan 13 eða 21 kemur aftan við flokkstölu). Deilisvið 2 á ekki að birtast í leit og birtist reyndar ekki á Gegnir.is.
6. **Verkefni gæðahóps.** Gæðahópur er að störfum. Frestað var til næsta fundar að ræða verkefnaáætlun hans.
7. **Myndbönd Nemendaleikhússins.** Rætt var um skráningarfærslur fyrir myndbönd Nemendaleikhússins sem Listaháskólinn sendir í Þjóðskjalasafn til varðveislu. Var talið í lagi að hafa þær í Gegni en setja í eintakslýsingu: Varðveitt í Þjóðskjalasafni, þar sem hætta er á að færslunum verði eytt ef ekkert er tengt við þær. Einnig verði gerð athugasemd í sviði 500: Varðveitt í Þjóðskjalasafni. Þóra svarar erindi þessa efnis frá Listaháskólanum.

8. **Tímarit.is – Greinifærslur í Gegni.** Til stendur að tengja greinar á Tímarit.is við Gegni - koma slóðinni yfir í greinina sjálfa. Slóðin yrði flutt vélvirkt yfir í Gegni. Dæmi um tímarit þar sem ekki gengur nógu vella að para vélvirkt eru myndir á timarit.is og dæmi um færslur í Gegni er Náttúrufræðingurinn.
9. **Tónlistarskráning.** Rætt var um mismunandi hefðir í sambandi við skráningu á popp- og jazztónlist; í Fengssöfnunum er hefð fyrir því að skrá á flytjendur efnis en í Landsbókasafni að skrá á tónskáld. Þóra álitur að það þurfi að setja viðmiðunarreglur en þær geti þó ekki verið ófrávíkjanlegar. Í því sambandi þyrfti e.t.v. líka að samræma skráningu á hljóðbókum. Það var samþykkt að kalla samráðshóp um tónlistarskráningu saman til að fjalla um þetta og einnig skráningu nafnmynda tónlistarmanna en eitthvað er um að hún sé komin í flækju í Gegni. Þóra ætlar að hafa samband við tónlistarhópinn.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11. Næsti fundur verður haldinn 12. október.